

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

21. október 2013

Ágætu foreldrar/forráðamenn..

Þá er kærkomnu vetrarfríi lokið og bjóðum við ykkur aftur velkomin til starfa.

Vinadagurinn í Skagafirði

Miðvikudaginn 23. október verður haldinn Vinadagur í Árskóla þar sem allir skólar í Skagafirði verða samankomnir. Fer dagskráin fram á skólatíma.

ATH. Vegna Vinadagsins, hefst skóli þennan dag kl.8:15 og er því skólaakstur 25 mínútum fyrr en vanalega. Nemendur þurfa að borða staðgóðan morgunverð áður en þeir fara að heiman. Þau fá hressingu á staðnum um tíuleytið.

Foreldraviðtöl 24. október

Fimmtudaginn 24. október verða foreldraviðtöl, skóla lýkur kl. 12:40 þann dag. Foreldrum verður úthlutaður tími og eru beðnir um að hafa samband við umsjónarkennara ef sá tími hentar ekki og fá annan tíma.

Danskennsla

Í næstu viku, 28. október – 1. nóvember, verður danskennsla í skólanum, eins og undanfarin ár mun Ingunn Hallgrímsdóttir sjá um kennsluna.

Haustsamverur

Haustsamverurnar verða tvær í ár, fyrir 1.-6. bekk þriðjudaginn 5. nóvember og fyrir 7.-10. bekk fimmtudaginn 7. nóvember. Tímasetningar fyrir haustsamverurnar koma síðar.

Rakelarhátíðin

Rakelarhátíðinni hefur verið aflýst í ár vegna þess að framkvæmdir í Höfðaborg hafa dregist á langinn.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi